


# Stikaðar gönguleiðir í Mosfellsbæ



## Staða verkefni 2018 og framkvæmdir 2019

Verkefnið stikaðar gönguleiðir hófst árið 2006. Frá þeim tíma hefur verkið verið unnið í samvinnu Mosfellsbæjar og Skátafélagsins Mosverja. Framkvæmda og kostnaðaráætlun var lögð fram 2008 og framkvæmdir hófust 2009. Verkefnastjóri frá byrjun hefur verið Ævar Aðalsteinsson. Verkefnið hefur á undanförunum árum fengið ákveðna upphæð á ári hverju í fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar. 10 árum eftir að verkefnið hófst árið 2016 var öllum upphaflegum áföngum náð.

Í takt við aukinn útivistaráhuga almennings er það mjög ánægjulegt að umferð gangandi fólks hefur stóraukist á öllu svæðinu með þessu bættu aðgengi. Þetta á sérstaklega við um Úlfarsfelli, upp með Varmá, við Hafravatn og á Mosfell. Þessum útivistaráhuga hefur fylgt mikið álag á gönguleiðirnar þar sem gróðurþekjan er víða mjög viðkvæm og því hefur þurft að hefja lagningu göngustíga til að verjast því að myndist ljót sár og nýjar slóðir.

Verkefnið skiptist í eftirfarandi verkþætti:

- Stikaðar gönguleiðir í Mosfellsbæ 90 km
- Bílastæði 10
- Girðingastigar 12
- Göngubrýr 5
- Plankabrýr 3
- Uppl. skilti með vegprestum 12
- Vegprestar 30 (14)
- Fræðsluskilt 18 (11)
- Göngustígur 500m (203 tröppur)
- Göngukort prentað samtals í 21.800 eintökum. Finnst einnig á Mos.is



## Framkvæmdir árið 2019

1. Viðhald á gönguleiðum
2. Lokun leiða og lagfæra skemmdir á gróðurpekju
3. Viðhald á skiltum og vegprestum
4. Viðhald á girðingaprílum
5. Viðhald á göngubrúum
6. Viðhald á bílastæðum

### Göngustigavinna á stikuðum gönguleiðum

1. Lagning nýrra stíga
2. Gera ræsi og hanna afvötnun stíga
3. Viðhald á stígum og tröppum

### Framtíðarhugmyndir um stikaðar gönguleiðir í Mosfellsbæ

1. Nýjar gönguleiðir
2. Útivistarmiðstöð í Skarhólamýri (samstarf við Skógræktarfélag Mosfellsbæjar)
3. Lýðheilsutengd uppbygging
4. Menningartengd uppbygging
5. Rafrænn aðgangur/notkun
6. Kynningarstarfsemi
7. Samstarf við skóla

